



Akureyrarbaer

Starfsáætlun leikskóla

Lundarsel og Pálmholt

fyrir skólaárið 2022 -2023



## Um skólann

Lundarsel - Pálmholt er heilsueflandi leikskóli.

Leikskólinn er í tveimur byggingum sem eru báðar staðsettar á suður brekkunni.

Lundarsel er við Hlíðarlund. Pálmholt er við Þingvallarstræti.

Skólastjóri er Björg Sigurvinsdóttir.

Boðið er upp á sveigjanlega dvalartíma þ.e. hægt er að kaupa frá 4 upp í 8 klst. á dag á öllum deildum auk þess sem hægt er að kaupa 15 mín fyrir og/eða 15 mín yfir klst.

Leikskólinn Lundarsel og Pálmholt neðra eru sameinaðir undir einn hatt frá og með haustinu 2021.

Lundarsel hóf starfssemi 1. júlí 1979. Í fyrstu var leikskólinn tvær deildir. 1997 bættist við þriðja deildin og haustið 2012 bættist við fjórða deildin, sú deild er ekki í sama húsnæði heldur norðan við bílapan Lundarsels. Starfsmannaaðstaða var bætt árið 2001 með því að taka hluta kjallarans fyrir kaffistofu, undirbúningsherbergi og fundarherbergi.

Pálmholt neðra eða Flúðir tók til starfa í desember 1985 og var þá þriggja deilda. Árið 1996 var kjallara hússins breytt og 1. september sama ár var opnuð ný deild og leikskólinn þá orðinn fjögurra deilda. 15. október 2000 var tekin í notkun laus kennslustofa við leikskólann og bættist þá við fimmta deildin. 1. ágúst 2009 var þeirri kennslustofu lokað og breytt í starfsmannaaðstöðu sem enn þann dag í dag er notað sem vinnuaðstaða fyrir kennara. Húsið ber nafnið Ólátagarður. 1. ágúst 2009 var Risaland lagt niður sem sér deild og deildirnar orðnar þrjár, Furuholt, Birkiholt og Greniholt. Þar sem Risaland var áður er nú listasmiðja. 1. ágúst 2012 var nýr sameinaður skóli formlega stofnaður. Þessir tveir skólar voru sameinaðir undir heitinu Pálmholt haustið 2012 og er húsnæði þeirra sundurgreint eftir staðsetningu í landslaginu þ.e. efra hús og neðra hús.

## Skóladagatal

Meðfylgjandi er skóladagatal fyrir skólaárið en það getur tekið einhverjum breytingum sem eru uppfærðar jafn óðum á vefútgáfu [leikskóladagatal lundarsels 2022-2023](#)

## Rekstraraðili - yfirstjórn skólans (fræðslusvið)

Akureyrarbær rekur leikskólann og hefur Fræðslu- og lýðheilsusvið umsjón með rekstri og starfsmannahaldi grunnskóla, leikskóla og tónlistaskólans á Akureyri. Fræðslusvið veitir allar almennar upplýsingar um skólastarf á Akureyri, tekur á móti erindum vegna skólamála og fylgir eftir samþykktum fræðsluráðs.

## Tölulegar upplýsingar um börn

Áætlaður heildarfjöldi barna í báðum húsnæðum er 138 börn, 81 börn í Lundarsels húsnæðinu og 57 börn í neðra Pálmholti.

Áætlaður fjöldi dvalarstunda er 1094. Meðaltal dvalartími barna er 8,04 stundir á dag.

Áætlaður fjöldi sérkennslubarna. Tímar eru ekki komnir en við áætlum að þeir skiptist í eftirfarandi:

Sérkennslubörn fædd 2020 = 2

Sérkennslubörn fædd 2019 =

Sérkennslubörn fædd 2018 = 1

Sérkennslubörn fædd 2017 = 3

Fjöldi tvítyngdra barna er 18

1 barn = ekkja frá Sómalíu, barnið heyrir bara íslensku í leikskólanum

1 barn = faðir íslenskur og móðir frá Filippseyjum, töluð enska heima

1 barn = faðir íslenskur og móðir frá Úkraníu, bæði tungumálin töluð heima

1 barn = faðir Dani og móðir Færeyingur, töluð enska heima

2 börn = faðir íslenskur og móðir þýsk, bæði tungumálin töluð heima

1 barn = foreldrar frá Spáni, spænska tölum heima

1 barn = foreldrar frá Sómalíu, sómalíska og enska töluð heima

1 barn = faðir íslenskur og móður finnsk, bæði tungumál töluð heima

1 barn = foreldrar frá Sírlandi, arabíska töluð heima

1 barn = móðir íslensk og faðir talar arabísku, enska og íslenska töluð heima

2 börn = faðir íslenskur og móðir frá Mexíkó, spænska, íslenska og enska töluð heima

1 barn = foreldrar frá Lettlandi

1 barn = móðir íslensk og faðir frá Pakistan

1 barn = faðir íslenskur og móðir frá Kenía

1 barn = faðir íslenskur og móðir lettnesk

1 barn = móðir frá Úkraníu, rússneska tölum heima

## Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlað 33,38. Hér að neðan má sjá hvernig þau skiptast.

Stjórnun	1,60
Stöðug/barng	21,71
Eldhús	2,80
Fastar afleysing	7,02
Annað	0,75
	<hr/>
	<b>33,88</b>

Áætlaður heildarfjöldi starfsmanna er 41, þar af eru 6 karlmenn. Starfsheiti starfsmanna má sjá [hér](#)

Markmið með símenntunaráætlun Lundarsels er að auka starfsánægju og hæfni í starfi. Sjá:

### Starfsmenn símenntunaráætlun 2022-2023

## Öryggismál:

Reglubundið öryggiseftirlit er frá heilbrigðiseftirlitinu, eldvarnaeftirlitinu og slysavörnum. Skólastjóri fylgir því eftir í samráði við UMSA að viðeigandi lagfæringar séu lagfærðar. Öll slökkvitæki eru tekin í gegn og yfirfarin ár hvert af eftirlitsmanni.

Sjá nánar hér um [Handbækur um öryggismál](#)

## Faglegar áherslur

Í Lundarseli leggjum við áherslu á að leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntun barnanna okkar ásamt því að veita þeim öruggt umhverfi, umhyggju og ást.

Við leitumst við að búa börnunum í Lundarseli lærdómsríkt umhverfi sem hvetur til sköpunar, umræðna og rannsókna. Við vinnum út frá áhuga barnanna og undrun þeirra á tilverunni. Sýn okkar er að nútíma börn séu hugsandi einstaklingar með mikla hæfileika, tveggja ára barn hefur hæfileika sem við fullorðna fólkið höfum glatað. Við ýtum undir hæfileika hvers og eins og virðum hvert aldurstig.

Markmið Lundarsels byggist á hugmyndafræðinni:

- ♥ Að börnum, starfsmönnum jafnt sem foreldrum líði vel í leikskólanum og efli með sér jákvæða samvinnu.
- ♥ Að börn og starfsmenn temji sér ígrundaða, gagnrýna og skapandi hugsun.
- ♥ Að búa börnum umhverfi sem er skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í gegnum leik og störf sem efla alhliða þroska þeirra.
- ♥ Að börn og starfsmenn beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og öllu umhverfi sínu.

Leiðir:

Í gegnum allt sem fram fer í leikskólanum er leitast við að ná fram markmiðum. Hið barnhverfa viðhorf er ráðandi þegar dagurinn er skipulagður, nemandinn er í brennidepli. Við lítum á börnin, umhverfið, starfsfólkið og foreldrana sem samvirka heild.

Leikskólastarfið er fjölbreytt og má þar nefna vinnu með barnaheimspeki og verkefni um jafnrétti. Börnum er eðlislægt að vera forvitin og rannsakandi og samkvæmt hugmyndafræði barnaheimspekinnar er mikilvægara að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með endanlegum svörum. Heimspekin eflir gagnrýna, skapandi og umhyggjusama hugsun. Lögð er mikil áhersla á leikinn því sú reynsla sem barnið öðlast í gegnum leik er vænlegasta námsleiðin. Unnið er með alla námsþætti gegnum leik og sköpun og leitast við að virkja sjálfsprottinn áhuga barnanna. Starfsmenn skoða starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.

Heilsuefling og heilbrigði er ein af áherslum skólans, því mikilvægt er að leikskólanámið fari fram jafnt utan dyra sem innan. Heilsuefling felst m.a. í skipulögðum hreyfistundum, útiveru og vettvangsferðum. Vinna við að efla sjálfsmynd og sjálfsstjórn barna skipar stóran sess.

Unnið er með SMT -skólafærni til að skapa gott andrúmsloft, tryggja öryggi og velferð allra í leikskólanum.

Einkunnarorð skólans, „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“ er tilvísun í gleðina sem felst í leiknum, við að leita svara og rannsaka sjálfur. Allir eru að læra, börn jafnt sem fullorðnir.

Haldið verður áfram að innleiða menntastefnu Akureyrarbæjar. Umsjón Gæðaráð og Gunnþór

Innleiðing þróunarverkefnis hófst á síðasta skólaári sem ber nafnið; „*Teymisvinna sem grunneining í lærdómssamfélagi*“ Umsjón með verkefninu hafa Gunnar Gíslason og Íris Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Allir starfsmenn hafa fengið fræðslu um verkefnið en mest verður unnið með stjórnunarteymið sem fær verkfæri í hendurnar sem skilar sér út í starfsmannahópinn. Áætlað að innleiðingin taki þrjú ár. Sjá nánar um þróunarverkefnið [hér](#)

## Mat og umbætur

Hér að neðan má sjá hvað Lundarsel ætlar að meta 2021 – 2025 og skólaárið 2022-2023

[Innra mat og umbætur 2021 - 2022](#) [Innra mat og umbætur 2021 - 2022](#)

[Gæðaviðmið vegna mats](#)

## Foreldrasamstarf

Í Lundarseli leggjum við mikla áherslu á gott samstarf við foreldra. Foreldrum er boðið á kynningarfund um leikskólann áður en barnið byrjar í leikskólanum og einkasamtal við deildarstjóra þar er lagður grunnur að traustu og góðu samstarfi við foreldra. Foreldrar fylgja börnum sínum í aðlögun og kynnst þá hvernig daglegt starf og samstarf starfsmanna deildarinnar ganga fyrir sig. Leikskólinn stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf heimilis og leikskólans. Þá er foreldrum boðið í einkasamtal að minnsta kosti einu sinni yfir veturinn. Foreldrar jafnt sem starfsmenn geta ávalt óskað eftir samtölum ef þörf þykir. Foreldrum er boðið í heimsókn nokkrum sinnum yfir skólaárið en sóttvarnarreglur ráða för hvort og hvernig það er útfært þessi misserin. **Handbók fyrir foreldra Lundarsels-Pálmholts 2022-2023 má sjá [hér](#)**

## Foreldraráð

Í foreldraráði eru að lágmarki þrjú foreldrar en þeir geta verið fleiri, fer eftir áhuga foreldra. Leikskólastjóri fundar með foreldraráði. Foreldraráð er hluti af stjórnkerfi leikskólans og gefur umsögn um starfsáætlun, skóladagatal og skólanámskrá leikskólans. Foreldraráð gefur einnig umsókn um ýmislegt annað sem tengist leikskólanum, eins og t.d. innritun og aðlögun leikskólans. Á hverju hausti er aðalfundur þar sem kosið er í foreldraráð. Foreldraráð gerir

starfsáætlun um fjölda funda sem eru 3-6 á skólaárinu. Foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlun skólans, uppstillingu á deildum og fleiri atriði eftir sem við á um innra starfið. [Handbók foreldraráða í leikskólum](#)

### **Foreldrafélag**

Foreldrafélag er einnig starfandi við leikskólann. Markmið foreldrafélagsins er að efla tengsl foreldra og barna, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Foreldrafélagið stendur fyrir eða tekur þátt í ásamt leikskólanum margvíslegum uppákomum til skemmtunar fyrir börnin. Sem dæmi má nefna leiksyningar. Fundartímar foreldrafélags er hafður í lágmarki og reynt að ræða sem mest saman með samskiptum með tölvupósti. Hér má sjá [Hlutverk og lög foreldrafélagsins](#)

Foreldraráð og stjórn foreldrafélagsins má sjá [hér](#)

## **Samstarf við grenndarsamfélag**

### **Samstarf við Fræðslu- og lýðheilsusvið**

Samráðsfundir skólastjórnenda leikskóla á Akureyri og nágrenni eru haldnir tvisvar í mánuði ýmist er um að ræða rafrænan eða staðfund. Fundirnir eru nýttir í fræðslu, til upplýsinga og til samráðs. Þeir eru skipulagðir af fræðslustjóra og verkefnastjóra leikskóla.

Leikskólaráðgjafi hefur yfirumsjón með innritun í leikskólann. Hann kemur einnig í leikskólann til að veita ráð í sambandi við barnahópinn en einnig tekur hann út ákveðið mat í leikskólanum.

Sálfræðingur tekur við tilvísunum, gerir þroskamát á börnum og situr fundi með kennurum og foreldrum til að vinna áfram með börn í sambandi við greiningar.

Leikskólráðgjafi vegna sérkennslu kemur reglulega í heimsókn í Lundarsel, bæði til að fylgjast með ákveðnum börnum og til að ráðleggja foreldrum og sérkennslustjóra.

Sérkennslustjóri fer reglulega á fundi ásamt öðrum sérkennslustjórum og hittast þessir aðilar til að fá fræðslu og handleiðslu. Þessir fundir eru í umsjón ráðgjafa vegna sérkennslu.

### **Samstarf við grunnskóla**

Lundarskóli er okkar vinaskóli og fara elstu börnin reglulega í heimsóknir þangað yfir veturinn, eins kemur 1.bekk til okkar. Þá er líka vinasambandi milli barna í 6. bekk og elstu barna í Lundarseli, 6.bekkur kemur og les fyrir leikskólabörnin og síðan aðstoða þessir nemendur leikskólabörnin í upphafi grunnskólagöngu þeirra. Kennarar beggja skólastiga hittast reglulega, tilgangurinn er að skipuleggja og meta samstarfið. Þá starfar húsvörður Lundarskóla við að lagfæra ýmislegt fyrir Lundarsel.

[samstarf leik- og grunnskóla - áætlun](#)

### Samstarf við aðra skóla

Nemar frá HA, MA og VMA koma yfirleitt einu sinni á ári og vinna ákveðin verkefni með viðtölum við leikskólastjóra og leikskólakennara. Þá er samstarf milli VMA og Lundarsels sem kallast Rjúfum hefðirnar. Elstu börnin í Lundarseli fara og skoða námsbrautir og nemendur frá VMA koma og verja einum dagparti í Lundarseli. Samstarfssamningur hefur verið gerður við Háskólann á Akureyri til að kennaranemar frá skólanum geti komið í vettvangsnám í Lundarseli-Pálmholti.

### Samstarf við Hlíð

Vinasamstarf er á milli 4 ára í Lundarseli-Pálmholti og eldri borgara í Hlíð. Markmið er að brúa kynslóðabilið, eldri og yngri borgarar með því hittast nokkrum sinnum á ári til dæmis að fara í bingó. Sjá hér [allskonar samstarf](#)

### Samstarf við slökkviliðið

Elstu börnin eru í samstarfi við Slökkviliðið í verkefni sem kallast Logi og Glóð. Nánar má lesa um samstarfið [hér](#)

### Samstarf við velferðarsvið

Haft er samband við barnavernd samkvæmt lögum og tilkynningaskyldu barnaverndarlaga nr. 80/2002 17. gr. Einnig eru upplýsingar gefnar til barnaverndar ef þau óska eftir því eins og kveðið er á í upplýsingaskyldu barnaverndalaga til skóla.

## Helstu verkefni 2022-2023

### Innleiðing menntastefnu Akureyrar og mat

Áfram verður unnið að innleiða menntastefnu Akureyrarbæjar og hefur gæðaráð umsjón með verkefninu undir leiðsögn Gunnþórs Eyfjörð Gunnþórssonar, Ásgarður ráðgjöf. Unnið verður eftir umbótaáætlun Lundarsels samkvæmt áætlun um og gerð greinargerð um hvernig gengur. Allt efni fer á heimasíðu skólans.

### Þróunarverkefni

Áfram unnið með þróunarverkefnið um teymisvinnu með Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri í umsjón Gunnar Gíslason og Íris Hrönn Kristinsdóttir. Þróunarverkefninu lýkur 2024 eða 2025.

Markmið okkar með þróunarverkefninu er að vinna með traust og hreinskipta samræðu, lausnamiðun, heilbrigðan skoðunarágreining sem skilar sér inn í lærdómssamfélag og teymisvinnu í Lundarseli og Pálmholti. Sjá nánar hér [teymisvinna](#) og hér [Teymisvinna sem grunneining í lærdómssamfélagi](#)

Í Stjórnendateymi Lundarsels haustið 2021 verða skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og 7 deildarstjórar. Þetta teymi stýrir skólanum og af þessu teymi læra önnur teymi skólans sem eru fjögur auk 7 deildarteyma og 1 sérkennsluteymi.

Fyrirkomulag: 10 manna hópur sem er í stjórnendateymi Lundarsels fær fræðslu frá MSHA í 4 tíma. Kynning verður fyrir allan starfsmannahópinn í október í 2 tíma. Eftir þann tíma hittist stjórnendateymið og Íris og Gunnar á hálfsmánaðarlega og fá einnig rafræn gögn til að vinna með.

## Sérkennsla

Sérkennslustefna Lundarsels- Pálmholts byggir á hugmyndafræði Skóli án aðgreiningar og Snemmtæk íhlutun. Hugmyndafræðin Skóli án aðgreiningar fagnar margbreytileikanum og telur að það sé kostur að börn séu ólík. Í leikskólanum er lögð áhersla á að náms- og félagslegum þörfum allra barna sé mætt þar sem barnið er stutt hverju sinni. Fjölbreyttir kennsluhættir eru hafðir að leiðarljósi ásamt hvetjandi námsumhverfi og sveigjanleika. Hvert barn er metið af þeim verðleikum sem það býr yfir og mikilvægt er að barnið finni að það tilheyri skólasamfélaginu. Sjá nánar um [Sérkennslustefnu Lundarsels](#)

## Lokaorð

Nú er fyrsta ári í sameinuðu húsnæðum Lundarsel og Pálmholts lokið. Auðvitað hafði Covid-19 áhrif á starfsseminu á köflum. Þannig á tímabili var starfssemin í lágmarki. En í vor fór faglega starfið aftur mikið upp á við. Það var ótrúlegt hvað starfsmannahópurinn náði að gera eins og sambandi við mat og þróun í starfi. Þá fór starfsmannahópurinn í langþráða í náms- og kynnisferð til Brighton 4.-8. júní sem efldi bæði geð og faglega starfið.

Starfsmenn Lundarsels og Pálmholts er öflugur starfsmanna hópur, hópur sem hlakkar til komandi skólaárs, góða vegferð skólasamfélaginu til heilla. Undirrituð fer inn í nýtt skólaár með bjartsýni og metnað að leiðarljósi.

*Akureyri, 14. júní 2022.*

Björg Sigurvinsdóttir, skólastjóri



# Starfsáætlun Lundarsel – Pálmholt 2022 - 2023



## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Ragna Kristín Jónsdóttir

Sindri Kristjánsson

Erla Dóra Vogler

ragnak82@gmail.com

sindrik@gmail.com

erladora@gmail.com

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla, nr. 90/ 2008, er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr. sömu laga, um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### Gátlisti:

A. Kemur fram með fullnægjandi hætti	B. Kemur fram með ófullkomnum hætti	C. Kemur ekki fram
--------------------------------------	-------------------------------------	--------------------

Koma fram upplýsingar um barnahópinn þ.e. áætlun um fjölda barna, fjöldi sérkennslubarna og fjölda tvítyngdra barna	A	B	C
Koma fram upplýsingar um fjölda starfsmanna og stöðugilda?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti upplýsingar um símenntunaráætlun / starfsþróunaráætlun leikskólans	A	B	C
Kemur fram stefna skólans ásamt áherslum og markmiðum komandi árs	A	B	C
Kemur fram hvaða þætti skal meta komandi skólaár og hvaða umbótaferli verða unnin eftir fyrirliggjandi mat.	A	B	C
Koma fram skýrar upplýsingar um foreldraráð, áætlaða foreldrafundi og foreldraviðtöl?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti hvernig leikskólinn hyggst vinna að samstarfi við grenndarsamfélagið s.s. grunnskóla?	A	B	C
Kemur fram með skýrum hætti hvernig samstarfi er háttað við stoðþjónustukerfi bæjarins s.s. fræðslu- og fjölskyldusvið?	A	B	C
Skóladagatal	A	B	C